

Ed.

625. Frumvarp til laga

[300. mál]

um Ríkismat sjávarafurða.

(Lagt fyrir Alþingi á 94. löggjafarþingi, 1973—1974.)

1. gr.

Sameina skal starfsemi Fiskmats ríkisins og Sildarmats ríkisins í einni ríkisstofnun, er bera skal nafnið „Ríkismat sjávarafurða“, en fyrrgreindar tvær stofnanir þar með lagðar niður.

2. gr.

Ríkismat sjávarafurða heyrir undir sjávarútvegsráðherra. Stofnunin skal hafa eftirlit með eða meta allan fisk, krabbadýr og skeldýr, sem veidd eru úr sjó, svo og meðferð, flutningi, geymslu og vinnslu þeirra.

Stofnunin skal meta eða hafa eftirlit með útflutningi ofangreindra sjávarafurða á öllum vinnslustigum. Undanþeginn er þó eigin afli er fiskiskip flytja á erlendan markað, enda hafi hann ekki verið lagður hér á land. Um slíkan útflutning má þó setja reglur.

Einnig skal stofnunin hafa eftirlit með búnaði og hreinlæti í fiskiskipum, flutningatækjum, geymslum, vinnslustöðvum sjávarafurða og næsta nágrennis þeirra. Ríkismatið skal veita leiðbeiningar um fiskverkun og meðferð sjávarafurða, svo og um önnur þau atriði, er það fjallar um.

Ráðherra getur sett reglugerðir um framkvæmd laga þessara meðal annars um umbúðir, merkingu, vörustaðla, flutning, útskipun og hleðslu sjávarafurða.

Ráðherra getur og með reglugerð lagt bann við því, að verkaður sé fiskur, krabbadýr eða skeldýr undir tiltekinni lágmarksstærð eða, sem ástæða er til að ætla að geti verið gölluð vara, menguð eða óheppileg til vinnslu annarra ástæðna vegna. Skal Ríkismatið í samráði við ráðuneytið hafa eftirlit með aflasamsetningu fiskiskipa eftir því sem þurfa þykir og ennfremur, að ekki séu heimildarlaust unnar ofangreindar sjávarafurðir, sem ekki ná lágmarksstærðum þeim, sem fyrir er mælt í lögum og reglum.

3. gr.

Ríkisstofnanir, sem hafa með höndum verkefni, er falla undir Ríkismat sjávarafurða samkvæmt lögum þessum, geta haldið þeim áfram eftir nánari ákvörðun ráðherra.

4. gr.

Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins framkvæmir þær rannsóknir og tilraunir, sem til þeirrar stofnunar falla skv. 26. gr. laga nr. 64 21. maí 1965 um rannsóknir í þágu atvinnuveganna, en til þess að tryggja að sú starfsemi fari fram í nánú samráði

og samvinnu við Ríkismat sjávarafurða skal ráðherra skipa sérstaka samstarfsnefnd einum fulltrúa frá hvorri stofnun og einum starfsmanni sjávarútvegsráðuneytisins, sem skal kalla nefndina saman þegar þörf þykir.

5. gr.

Ríkismat sjávarafurða skiptist í eftirtaldar deildir:

1. Frysti- og hreinlætisdeild, sem einkum skal hafa eftirlit með búnaði og hreinlæti í fiskiskipum, flutningatækjum og vinnslustöðvum og einnig framleiðslu, meðferð, geymslu og útflutningi frystra sjávarafurða.
2. Ferskfiskdeild, sem einkum skal annast eftirlit og mat á ferskum, nýjum eða ísuðum fiski, krabbadýrum og skeldýrum.
3. Salt- og skreiðardeild, sem einkum skal annast eftirlit og mat á öllum söltuðum sjávarafurðum og skreið.

Ráðherra getur breytt deildaskipun og kveðið nánar á um verkefni einstakra deilda að fengnum tillögum forstjóra stofnunarinnar.

6. gr.

Ráðherra skipar forstjóra stofnunarinnar að fengnum umsóknum um það starf og skal háskólapróf í matvælafræðum eða raunvísindum, eða þá önnur sambærileg menntun, veita forgangsrétt til starfsins.

Forstjóri Ríkismats sjávarafurða hefur á hendi stjórn stofnunarinnar og yfirmumsjón með allri starfsemi hennar.

7. gr.

Ráðherra skipar deildarstjóra að fengnum umsóknum og álits forstjóra um þær. Deildarstjórar skulu veita forstöðu hver sinni deild hjá stofnuninni og hafa eftirlit með störfum yfirmatsmanna.

8. gr.

Ráðherra skipar yfirmatsmenn að fengnum umsóknum og álits viðkomandi deildarstjóra svo og forstjóra um þær. Þeir hafa umsjón með eftirliti og mati hver í sínu umdæmi. Þeir skulu vera svo margir sem þörf krefur og heimilað er í fjárlögum. Þeir geta haft með höndum verkefni einnar eða fleiri deilda eftir ákvörðun forstjóra, sem jafnframt getur fært þá milli umdæma með samþykki ráðherra.

9. gr.

Matsmenn, er starfa á vegum Ríkismats sjávarafurða, framkvæma undir umsjón yfirmatsmanna eftirlit það og mat, sem lög þessi gera ráð fyrir.

Lögreglustjóri löggildir matsmenn samkvæmt tilnefningu forstjóra Ríkismats sjávarafurða og sér um að þeir riti undir eiðstaf um, að þeir vilji rækja með alúð og kostgæfni skyldur þær, sem á þeim hvíla í starfi þeirra.

10. gr.

Ráðherra getur með reglugerð kveðið á um reynslu og menntun starfsmanna Ríkismatsins og verkstjóra við fiskverkun. Einnig er heimilt að ákveða í reglugerð, að eigendur fisks skuli greiða kaup og annan kostnað af störfum matsmanna.

11. gr.

Forstjóri Ríkismatsins, deildarstjórar og yfirmatsmenn hafa skyldur og njóta réttinda sem opinberir starfsmenn. Um laun þeirra fer eftir ákvæðum kjarasamninga ríkisstarfsmanna. Þeim er óheimilt að stunda nokkurn atvinnurekstur, sem lýtur að fiskverkun eða fiskverslun.

12. gr.

Starfsmönnum Ríkismats sjávarafurða er bannað, að viðlagðri ábyrgð eftir ákvæðum almennra hegningarlaga um brot í opinberu starfi, að skýra óviðkomandi

mönnum frá nokkru því, sem leynt á að fara og þeir hafa fengið vitneskju um í starfi sínu.

13. gr.

Hver sá, sem ætlar að flytja úr landi fisk eða sjávarafurðir, sem lög þessi taka til, skal tilkynna það hlutaðeigandi deildarstjóra eða yfirmatsmanni með hæfilegum fyrirvara, enda fari hleðsla vörunnar í skip eða annað flutningatæki fram undir umsjón starfsmanna Ríkismats sjávarafurða.

Þeir, sem flytja út farma af sjávarafurðum, skulu skyldir til að hafa hleðslustjóra með skipunum, ef þau taka farm í fleiri höfnum en einni.

Hleðslustjórar skulu hlíta fyrir mælum yfirmatsmanna um hleðslu skipa, að því er varðar mat, gæði, útlit og merkingu vörunnar.

Lögreglustjóri löggildir hleðslustjóra samkvæmt tilnefningu forstjóra og sér um, að þeir riti undir eiðstaf um, að þeir vilji rækja með alúð og kostgæfni skyldur þær, sem á þeim hvíla í starfi þeirra.

14. gr.

Hver sá, sem leggur stund á verkun eða vinnslu sjávarafurða, skal hafa sérstakt vinnsluleyfi Ríkismatsins til tryggingar því, að vinnslustöðin fullnægi settum skilyrðum.

15. gr.

Hverjum þeim, sem veiðir, verkar eða verslar með fisk eða sjávarafurðir, sem lög þessi ná til, er skylt að gefa starfsmönnum Ríkismats sjávarafurða allar þær upplýsingar og veita þeim þá aðstoð, sem þeim er nauðsynleg við framkvæmd eftirlits og mats. Gildir þetta jafnt um upplýsingar, um verkun, geymslu og flutning fisks og sjávarafurða sem um upplýsingar um greiðslu skaðabóta eða um kvartanir vegna þess, að vara var gölluð eða umbúnaði hennar áfátt.

Starfsmönnum Ríkismats sjávarafurða er heimill aðgangur að hverjum þeim stað, þar sem fiskur eða sjávarafurðir, sem lög þessi taka til, eru unnar eða geymdar. Þeim er einnig heimilt að taka án endurgjalds hæfilegt magn sýnishorna af fiski og sjávarafurðum til rannsókna, enda verði eigendum fisksins eða afurðanna skilað skriflegri skýrslu um niðurstöður rannsóknarinnar.

16. gr.

Forstjóri Ríkismats sjávarafurða, deildarstjórar, yfirmatsmenn og matsmenn hafa vald til að stöðva móttöku fisks, krabbadýra og skeldýra svo og vinnslu, pökkun og útflutning fisks og sjávarafurða, ef þrif og búnaður fiskiskips, vinnslustöðvar eða flutningatækis eða meðferð afla, gæði hráefnis eða afurða, merking þeirra, umbúðir eða annar frágangur er ekki í samræmi við reglur, sem settar eru skv. lögum þessum. Starfsmönnum Ríkismatsins ber þegar í stað að tilkynna yfirmanni sínum um stöðvun samkvæmt þessari málsgrein.

Nú hefur móttaka, vinnsla, pökkun eða útflutningur fisks eða sjávarafurða verið stöðvaður samkvæmt heimild í 1. málsgrein, og ber þá Ríkismatinu að leyfa, að sá fiskur eða afurðir, sem um er að ræða, verði hagnýttur til hverra þeirra nota, sem að þess dómi eru hæfileg. Því er einnig skylt að leyfa, að ráðin sé bót á vörugöllum, ef unnt er, og skal banni aflétt, er lagfæring hefur farið fram.

Forstjóri Ríkismatsins úrskurðar, ef ágreiningur rís vegna fiskmats eða eftirlits, en skjóta má úrskurði hans um skilning á lögum þessum og reglum settum samkvæmt þeim til sjávarútvegsráðuneytisins.

17. gr.

Hver sá, er sekur gerist um brot á lögum þessum eða á reglum settum samkvæmt þeim, skal sæta sektum nema þyngri viðurlögum varði, samkvæmt öðrum lögum, og renna sektir í ríkissjóð.

Um mál út af brotum á lögum þessum eða reglugerðum settum samkvæmt þeim skal fara að hætti opinberra mála.

18. gr.

Kostnaður af framkvæmd laga þessara greiðist úr rikissjóði.

Til að standa straum af kostnaði af framkvæmd ferskfiskeftirlits skal greiða útflutningsgjald af íslenskum sjávarafurðum (öðrum en þeim, er koma frá hvalveiðum og selveiðum), er nemi 1% af fob-andvirði þeirra. Skal gjald þetta reiknað á sama hátt og annað útflutningsgjald af sömu vöru og renna í rikissjóð.

19. gr.

Frá gildistöku laga þessara falla eftirtalin lög úr gildi:

Lög nr. 55 2. maí 1968 um eftirlit og mat á fiski og fiskafurðum.

Lög nr. 53 11. júní 1938 um mat á matjesild og skoðverkaðri síld.

Reglugerðir og önnur fyrirmæli, sem sett hafa verið samkvæmt ofangreindum lögum halda gildi sínu eftir því sem við á.

20. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1975.

Ákvæði til bráðabirgða.

Frá og með 1. janúar 1975 eru lagðar niður stöður fiskmatsstjóra, skrifstofustjóra, deildarstjóra og yfirfiskmatsmanna hjá Fiskmati ríkisins svo og stöður síldarmatsstjóra og síldarmatsmanna hjá Síldarmati ríkisins.

Stöður forstjóra, deildarstjóra og yfirmatsmanna hjá Ríkismati sjávarafurða skulu auglýstar lausar til umsóknar og skal forstjóri skipaður eigi síðar en 1. október 1974.

Um réttarstöðu þeirra starfsmanna Fiskmats ríkisins og Síldarmats ríkisins, sem ekki verða skipaðir starfsmenn Ríkismats sjávarafurða, fer eftir ákvæðum viðeigandi laga um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Með bréfi 29. nóvember 1973 skipaði sjávarútvegsráðherra 3ja manna nefnd til að taka til heildarathugunar skipulag og starfsemi Fiskmats ríkisins og semja frumvarp til laga um matstofnun sjávarútvegsins, þar sem gengið skyldi út frá því, að Síldarmat ríkisins yrði lagt niður og starfsemi þess og starfsemi Fiskmats ríkisins felld inn í hina nýju stofnun. Þessir menn voru skipaðir í nefndina: Þórður Ásgeirsson, skrifstofustjóri í sjávarútvegsráðuneytinu, formaður, Örn Marinósson, deildarstjóri í fjármálaráðuneytinu, fjárlaga- og hagsýslustofnun og Jóhann Guðmundsson, efnaverkfræðingur hjá Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins. Þórður Eypórsson, fulltrúi í sjávarútvegsráðuneytinu, var nefndinni og til aðstoðar. Áður en nefnd þessi var skipuð hafði sjávarútvegsráðuneytinu horist tillaga frá fjármálaráðuneytinu, fjárlaga- og hagsýslustofnun, um endurskoðun á starfsemi Fiskmats ríkisins og Síldarmats ríkisins. Í tillögu þessari, sem dagsett er 5. október 1973, segir m. a. svo: „Undirnefnd fjárveitinganefndar, sjávarútvegsráðuneytið og fjármálaráðuneytið, fjárlaga- og hagsýslustofnun hafa að undanfögnu rætt skipulag og starfsemi Fiskmats ríkisins og Síldarmats ríkisins. Er niðurstaðan af þessum umræðum sú, að brýn þörf sé á og tímabært að taka starfsemi þessara tveggja stofnana til endurskoðunar og breytinga. Er einkum tvennt, sem telja verður, að endurskoðunin eigi að beinast að: (1) Innra skipulag og starfsemi Fiskmatsins og (2) niðurlagningu Síldarmatsins og samruna þess við Fiskmatið.“

Helstu rökin, sem sett hafa verið fram, um sameiningu Síldarmats og Fiskmats ríkisins eru þau, að þar sem síldveiðar við Ísland hafa lagst niður að mestu, hafa verkefni Síldarmats ríkisins minnkað að sama skapi. Við Síldarmatið starfa nú 6 síldarmatsmenn auk síldarmatsstjóra, sem hefur skrifstofu sína í Reykjavík. Útlit

er fyrir, að starfskraftar þessara manna verði illa nýttir í náinni framtíð. Á hinn bóginn er þess að gæta, að þessir menn búa yfir mikilvægri þekkingu á meðferð og verkun saltsíldar. Hugmyndin um sameiningu Síldarmatsins og Fiskmatsins byggist þannig á því að nýta mætti betur fjármuni og starfskrafta þessara stofnana, auk þess sem viðhaldi þekkingar síldarmatsmanna ætti að vera betur borgið ef málum væri þannig fyrir komið. Ennfremur er rétt að benda á að Fiskmat ríkisins annast nú allt mat á síld annað en mat á saltsíld.

Eins og fyrr greinir hefur þótt rétt að endurskoða innra skipulag og starfsemi Fiskmats ríkisins um leið og unnið væri að sameiningu þess og Síldarmats ríkisins. Kemur þar ýmislegt til. Eins og kunnugt er hefur á undanförunum árum verið unnið að því að gera miklar endurbætur á frystiðnaði landsmanna með sérstöku tilliti til aukinna krafna á Bandaríkjamarkaði til gæða framleiðslunnar. Að þessum málum hefur frá árinu 1969 starfað nefnd, sem kölluð hefur verið „Tillögunefnd um Hollustuhætti í fiskiðnaði.“ Á grundvelli starfs þessarar nefndar hefur verið lögð mjög aukin áhersla á aukið eftirlit með hreinlæti og búnaði í fiskiskipum, löndunar-, og flutningatækjum og fiskvinnslustöðvum. Má segja að vísir að sérstakri hreinlætisdeild hafi orðið til hjá Fiskmati ríkisins til þess að sinna þessu verkefni. Í nágildandi lögum um Fiskmatið er ekki gert ráð fyrir slíkri deild og hefur hún ekki enn verið formlega stofnuð. Þykir héra nauðsyn til að ráða bót á þessu og er gert ráð fyrir því, að starfsemi Tillögunefndar geti færst inn í þessa deild, þegar fram líða stundir. Þá hefur sú skoðun verið útbreidd, að freðfiskmat, sem Fiskmat ríkisins annast, sé í núverandi mynd lítils virði og beri að leggja það niður. Til freðfiskmats er verið miklum fjármunum auk þess freðfiskeftirlits er sölusamtökin hafa á hendi og miklu fé er einnig varið til. Í frumvarpi þessu fjallar 5. grein um ofangreinda deildarskiptingu og vísast til athugasemda um þá grein.

Fleiri rök mætti nefna í sambandi við þörf endurskoðunar á innra skipulagi og starfsemi Fiskmatsins, en þeirra verður nánar gerð grein í athugasemdum um einstakar greinar frumvarpsins.

Nefnd sú, sem falið var að gera uppkast að frumvarpi þessu, hefur starfað óslitið frá því hún var skipuð, og hefur hún m. a. haldið fundi með forsvarsmönnum eftirtalinna samtaka og stofnana: Fiskmats ríkisins, Síldarmats ríkisins, Fiskvinnsluskólans, Rannsóknastofnunar fiskiðnaðarins, Sölumiðstöðvar hraðfrystihúsanna, Sambands ísl. samvinnufélaga, Samlags skreiðarframleiðenda, Síldarútvegsnefndar, Sölusambands ísl. fiskframleiðenda, Landssambands ísl. útvegsmanna, Farmanna- og fiskimannasambands Íslands og Sjómannasambands Íslands. Auk þess hefur nefndin haft viðtal við fleiri aðila og kannað mikinn fjölda gagna um starfsemi þessra 2ja stofnana. Er óhætt að fullyrða að nefndin telur menn nánast á einu máli um að sameina beri starfsemi Fiskmats ríkisins og Síldarmats ríkisins í einni stofnun. Nefndin telur það einnig vera í samræmi við skoðun meiri hluta þeirra sem hún ræddi við, að bæði Síldarmatið og Fiskmatið verði lögð niður og starfsemi þessara stofnana færð inn í nýja stofnun sem tæki til allra sjávarafurða. Er í frumvarpi þessu gengið út frá því, að hér sé um nýja stofnun að ræða, sem nái yfir viðara svið en Fiskmat ríkisins gerir í dag. Jafnframt skal tekið fram, að lög nr. 55 2. maí 1968 um eftirlit og mat á fiski og fiskafurðum, voru jafnan höfð til hliðsjónar og eru öll efnisatriði þeirra laga, sem við þóttu eiga, tekin upp í frumvarp þetta.

Verður nú gerð nánari grein fyrir einstökum greinum frumvarpsins.

Um 1. gr.

Þessi grein þykir skýra sig sjálf, en í sambandi við nafnið „Ríkismat sjávarafurða“ skal tekið fram, að það þykir gefa gleggri mynd af starfsemi hinnar nýju stofnunar heldur en t. d. nafnið „Fiskmat ríkisins“ þar sem henni ber ekki einungis að meta fisk og sjávarafurðir heldur einnig hafa eftirlit með búnaði, hreinlæti og hollustuháttum við framleiðsluna.

Um 2. gr.

Þessi grein kveður á um verkefni hinnar nýju stofnunar. Ríkismati sjávarafurða er ætlað að hafa með höndum eftirlit með allri meðferð, flutningi, vinnslu og geymslu á fiski, krabbadýrum og skeldýrum frá því veiðin kemur um borð í veiðiskip og þar til hún er send á markað til sölu, hvort og hvernig svo sem hún hefur verið unnin eða veruð. Þó er undanþága gerð hvað varðar eigin afla, sem veiðiskip flytja á erlendan markað, enda hafi hann ekki verið lagður hér á land. Um slíkan útflutning getur ráðherra þó sett reglur. Í síðustu málsgreininni er gert ráð fyrir því að Ríkismatið hafi eftirlit með þeim reglum, sem settar hafa verið eða settar kunna að verða um aflasamsetningu fiskiskipa og lágmarksstærðir fisktegunda (þar með talin krabbadýr og skeldýr). Um þetta hafa ekki verið skýr ákvæði í lögum, en rétt þykir að þetta verði fastur þáttur í starfsemi Ríkismatsins.

Í síðustu málsgrein er einnig gert ráð fyrir því, að Ríkismatið hafi eftirlit með reglum um að ekki megi verka eða vinna fisk, sem sé mengaður eða óheppilegur til vinnslu. Er þar m. a. hafður í huga skelfiskur, sem veiddur er of nærri manna-bústöðum og gæti því verið sýktur eða mengaður.

Um 3. gr.

Hér er einkum haft í huga að Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins hefur nú með höndum eftirlit með lýsi, lagmeti og fiskmjöli. Þykir rétt að svo verði áfram enda þótt Ríkismat sjávarafurða kunni að yfirtaka þessi verkefni síðar.

Um 4. gr.

Ljóst þykir að mjög náið samstarf þarf að vera milli Rannsóknastofnunar fiskiðnaðarins og Ríkismats sjávarafurða, einkum frysti- og hreinlætisdeildar. Kemur þar til að nauðsynlegt verður að nota tæknilegar einkum gerlafræðilegar aðferðir við vissa þætti í starfsemi Ríkismatsins. Gert er ráð fyrir því að forstöðumenn þessara stofnana muni leysa flestan vanda, sem upp kemur, jafnóðum, en eigi að síður þykir nauðsynlegt að setja á fót samstarfsnefnd þessara aðila og ráðuneytisins þar sem hægt verði að ræða stærri vandamál, samræma starfsemi þessara 2ja stofnana og gera áætlanir fram í tímann um hana.

Um 5. gr.

Í þessari grein er kveðið á um deildaskiptingu hinnar nýju stofnunar. Samkvæmt lögum nr. 55/1968 um eftirlit og mat á fiski og fiskafurðum, skiptist Fiskmat ríkisins í ferskfisk- og freðfiskdeild annars vegar og saltfisk- og skreiðardeild hins vegar. Er kveðið svo á, að ráðherra geti fjölgað deildum er þörf krefji. Sú hefur orðið raunin og eru nú starfandi hjá Fiskmatinu 4 deildir, auk þess sem vísir er kominn að búnaðar- og hreinlætisdeild, þótt sumar þessar deildir hafi ekki verið formlega stofnaðar enn þá. Deildir þessar, sem allar hafa sameiginlega skrifstofu, eru: Gæðaskráningardeild, ferskfiskmatsdeild, saltfisk- og skreiðarmatsdeild og freðfiskdeild. Í frumvarpi þessu er gert ráð fyrir því, að deildir Ríkismats sjávarafurða verði þrjár. Ekki þykir þörf á að hafa sérstaka gæðaskráningardeild þar sem starfsemi sú, er þar fer fram, þykir falla undir eðlilegt starf skrifstofu stofnunarinnar. Ekki þykir heldur heppilegt að reka sérstaka freðfiskdeild þar sem eftirlit með búnaði- og hreinlæti við vinnslu frystra afurða verður svo samtvinnað þeim verkefnum, sem falla myndu undir slíka deild, að best fer á því að ein deild sinni þeim. Hins vegar er gert ráð fyrir því að mat það og eftirlit, sem frystihúsin hafa sjálf með sinni framleiðslu muni haldast sem nauðsynlegur þáttur í þeirra sölumálum. Sú deild, sem í frumvarpi þessu er nefnd salt- og skreiðardeild, tekur við verkefnum Sildarmats ríkisins en auk þess myndu aðrar saltaðar sjávarafurðir þar á meðal söltuð hrogn einnig falla undir verksvið deildarinnar. Á þessu stigi er ekki gert ráð fyrir sérstakri deild, sem einungis fjalli um saltsild. Samkvæmt lögum er ráðherra hins vegar heimilt að breyta deildarskipun og getur því stofnað sérstaka saltsildardeild ef þörf krefur. Annars

er reiknað með því að forstjóri stofnunarinnar verði nokkuð sjálfráður um það hvernig verkefnum verður raðað á hinar einstöku deildir.

Um 6. gr.

Ákvæði þessarar greinar um að háskólapróf í matvælafræðum eða raunvísindum, eða þá önnur sambærileg menntun, skuli veita forgang til starfs forstjóra Ríkismatsins, er tilkomið vegna þeirrar skoðunar, að breyttar kringumstæður, þróun undanfarinna ára og aukið verksvið þessarar nýju stofnunar krefjist þess, að stöðu forstjóra skipi maður, sem hefur sérhæft nám að haki sér.

Um 7.—12. gr.

Þessar greinar frumvarpsins þykja ekki gefa tilefni til sérstakra athugasemda að öðru leyti en því, að gert er ráð fyrir að yfirmatsmenn megi færa milli umdæma með samþykki ráðherra. Nú tíðkast það hjá Fiskmati ríkisins, að yfirfiskmatsmenn eru skipaðir til starfa á sérstöku svæði og jafnvel stundum til að sinna ákveðnum afmörkuðum verkefnum. Hefur þetta oft reynst bagalegt þar sem fiskverkunarhættir ákveðins svæðis taka gjarnan breytingum auk þess sem alltaf er um að ræða nokkrar sveiflur á lönduðu aflamagni hvers svæðis fyrir sig. Þykir þess vegna þurfa að hafa það opið, að breyta megi landfræðilegum umdæmum yfirmatsmanna annars vegar og hins vegar að þeir geti tekið að sér að sinna hinum mismunandi verkefnum stofnunarinnar eftir því sem þörf krefur. Auk þess getur það stuðlað að frekari samræmingu á störfum yfirmatsmanna ef þeir eru færðir til skiptis milli umdæma.

Um 13. gr.

Þessi grein er efnislega byggð á ákvæðum laga nr. 55/1968 um eftirlit og mat á fiski og fiskafurðum og þykir ekki gefa tilefni til sérstakra athugasemda.

Um 14. gr.

Í núgildandi lögum er ekki að finna bein ákvæði um sérstök vinnsluleyfi eins og gert er ráð fyrir í grein þessari. Fiskmat ríkisins hefur þó í reynd gefið út vinnsluleyfi til þeirra vinnslustöðva, sem það hefur eftirlit með. Þykir rétt að lögfasta þetta þannig að allar vinnslustöðvar, sem Ríkismatið hefur eftirlit með, verði að hafa formlegt leyfi þess til starfsemi sinnar. Að sjálfsögðu skal Ríkismatið einungis byggja á atriðum, sem undir verksvið þess falla, við ákvörðunartöku í þessu efni.

Um 15.—18. gr.

Þessar greinar eru allar byggðar efnislega á ákvæðum laga nr. 55/1968, um eftirlit og mat á fiski og fiskafurðum og þykja ekki gefa tilefni til sérstakra athugasemda.

Um 19. og 20. gr.

Þessar greinar frumvarpsins þykja ekki gefa tilefni til sérstakra athugasemda.

Um ákvæði til bráðabirgða.

Ekki þykir fært að láta lögum um Ríkismat sjávarafurða taka gildi fyrr en 1. janúar 1975 svo hægt sé að veita starfsfólki Fiskmats ríkisins og Síldarmats ríkisins lausn frá störfum sínum með nægilegum fyrirvara. Á hinn bóginn þykir eðlilegt að starfsfólk hinnar nýju stofnunar verði ráðið eða skipað í stöður sínar að mestu leyti fyrir þann sama tíma til að tryggja eðlilegt áframhald á eftirliti og mati á fiski og sjávarafurðum. Gert er ráð fyrir því að forstjóri Ríkismats sjávarafurða verði skipaður eigi síðar en 1. október 1974, enda skal hann láta í ljós álit sitt á umsóknum til annarra starfa stofnunarinnar eins og mælt er fyrir í frumvarpi þessu. Gert er ráð fyrir því, að sjávarútvegsráðuneytið sjái um auglýsingar á stöðum hjá Ríkismati sjávarafurða og yfirleitt um framkvæmd þessa bráðabirgðaákvæðis.